

Alþingi
Nefndasvið
b.t. allsherjar-og menntamálanefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
Sent rafrænt á nefndasvið@althingi.is

Reykjavík, 4. maí 2017

Fagdeild félagsráðgjafa í barnavernd gerir engar athugasemdir við þingályktunartillögu um framkvæmdaáætlun á sviði barnaverndar, 378. mál.

Fagdeild félagsráðgjafa í barnavernd fagnar sérstaklega eftirfarandi tillögum:

1. Tillögu um skipan starfshóps um breytingar á barnaverndarlögum og að fagdeild félagsráðgjafa í barnavernd verði aðilar að þeim starfshóp. Fagdeild félagsráðgjafa í barnavernd vill benda sérstaklega á skýrslu stjórnar eftir starfdag barnaverndarstarfsmanna árið 2016 sem send var velferðarráðuneytinu. Þar var sérstaklega fjallað um nauðsynlegar breytingar á barnaverndarlögunum.
2. Fagdeild félagsráðgjafa í barnavernd fagnar einnig tillögu um fjölgun fósturforeldra og að reglulega verði auglýst eftir fósturforeldrum. Það er ljóst að mikil þörf er fyrir fjölgun fósturforeldra á landsvísu.
3. Einnig vill fagdeild félagsráðgjafa í barnavernd benda á að tillaga um meðferðarfóstur (e. Treatment Foster Care Oregon Model – TFCO) fyrir börn sem glíma við alvarlegan hegðunar- og tilfinningavanda gæti verið mjög til bóta fyrir börn í fóstri.

F.h. Fagdeildar félagsráðgjafa í barnavernd
Elísabet Gunnarsdóttir og Erla Guðrún Sigurðardóttir, félagsráðgjafar